

REGLUGERÐ

um tilkynningu atvika í almenningssflugi sem og greiningu á og eftirfylgni með þeim.

1. gr.

Markmið.

1. Markmiðið með reglugerð þessari er að bæta öryggi í flugi með því að tryggja tilkynningu, söfnun, geymslu, verndun, skipti á, miðlun og greiningu viðeigandi öryggisupplýsinga um almenningssflug. Þessi reglugerð tryggir:
 - a. að gripið sé tímanlega til öryggisaðgerða, eftir því sem við á, á grundvelli greiningar á upplýsingum sem hefur verið safnað,
 - b. að aðgengi að öryggisupplýsingum sé viðhaldið með því að innleiða reglur um trúnaðarkvöð og viðeigandi notkun upplýsinga og með samræmdri og aukinni vernd fyrir tilkynnendur og einstaklinga, sem tilgreindir eru í tilkynningum um atvik, og
 - c. að áhætta í tengslum við flugöryggi sé tekin til athugunar og að brugðist sé við henni á Evrópska efnahagssvæðinu og á landsvísi.
2. Meginmarkmiðið með því að tilkynna atvik er að koma í veg fyrir slys og flugatvik, ekki að skipta sök eða ábyrgð.

2. gr.

Efni og gildissvið.

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur:
 - a. um tilkynningu atvika, sem stofna eða, ef ekki er gripið til aðgerða eða gerðar úrbætur, gætu stofnað í hættu loftfari, farþegum þess eða öðrum einstaklingum, tækjabúnaði eða uppsettum búnaði, sem hefur áhrif á starfrækslu loftfars, og tilkynning annarra viðeigandi öryggistengdra upplýsinga í þessu samhengi,
 - b. um greiningu og framhaldsaðgerðir að því er varðar tilkynnt atvik og aðrar öryggistengdar upplýsingar,
 - c. um vernd fagfólks í flugi,
 - d. um viðeigandi notkun öryggisupplýsinga sem hefur verið safnað,
 - e. um skráningu upplýsinga í miðlæga, evrópska gagnasafnið og
 - f. um nafnleynd við miðlun upplýsinga til hagsmunaaðila í þeim tilgangi að láta slíkum aðilum í té upplýsingarnar, sem þeir þurfa á að halda, til að auka flugöryggi.
2. Þessi reglugerð gildir um atvik og aðrar öryggistengdar upplýsingar þar sem almenningssloftför eiga í hlut.
3. Reglugerð þessi gildir einnig fyrir loftför sem um getur í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008.

3. gr.

Lögbært stjórnvald.

Samgöngustofa er lögbært stjórnvald samkvæmt reglugerð þessari og skulu atvik í almenningssflugi tilkynnt Samgöngustofu í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar.

Ráðuneyti samgöngumála ber ábyrgð á framkvæmd 12. mgr. 16. gr. í reglugerð (ESB) nr. 376/2014 og getur launafólk og samningsbundið starfsfólk tilkynnt ráðuneytinu um meint brot á reglunum.

4. gr.

Refsiákvæði.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt 141. gr. laga nr. 60/1998, um loftferðir, með síðari breytingum.

5. gr.

Innleiðing EES-gerða.

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi eftirfarandi EES-gerðir, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka samningsins og bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans:

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 frá 3. apríl 2014 um tilkynningu atvika í almenningssflugi sem og greiningu á og eftirfylgni með þeim, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 og um niðurfellingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/42/EB og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1321/2007 og (EB) nr. 1330/2007, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 275/2015 frá 30. október 2015. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 74 frá 10. desember 2015, bls. 491-516.

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1018 frá 29. júní 2015 um skrá þar sem flokkuð eru atvik í almenningssflugi sem falla undir tilkynningarskyldu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 276/2015 frá 30. október 2015. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1018 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 74 frá 10. desember 2015, bls. 517-533.

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2034 frá 6. október 2020 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 að því er varðar sameiginlega evrópska áhættuflokkunarkerfið, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2023 frá 17. mars 2023. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2034 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 30 frá 20. apríl 2023, bls. 460-469.

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2082 frá 26. nóvember 2021 um tilhögun um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 að því er varðar sameiginlega evrópska áhættuflokkunarkerfið, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2023 frá 17. mars 2023. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2082 er birt EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 30 frá 20. apríl 2023, bls. 470-478.

6. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 47. gr. og 47. gr. a, sbr. 145. gr. laga nr. 60/1998, um loftferðir, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 53/2006 um tilkynningarskyldu flugslýsa, alvarlegra flugatvika og atvika, með síðari breytingum.

~~- Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 12. október 2017. -~~

~~- F. h. r. -~~

~~- Sigurbergur Björnsson. -~~

~~- Björn Freyr Björnsson. -~~

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.